

3. gr.

Hross mega ekki ganga laus í kaupúninu á neinum tíma árs.

109
17. nóv.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum frá 2—200 krónum, er renna í sveitarsjóð Nesjahrepps.

5. gr.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32, 4. júní 1924, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. desember 1930.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

110
19. nóv.

um bann við umferð bifreiða.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 41, 4. júní 1924, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegunum. Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því, að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slíkt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabilinu 1. janúar 1931 til 10. júní leggja við bifreiðaumferð um eftirtalda vegi:

I. Þjóðvegir: Skeiðavegur, Þingvallavegur nýi frá Bugðu til Þingvalla, Grímsnes- og Biskupstungnabraut. Landvegur, Borgarfjarðarbraut frá vegamótum frá Haugum að Kláffossi, Hvitárbraut frá Ferjukotí að Götuás, Stykkishólmsvegur frá vegamótum hjá Borgarnesi til Stykkishólms, um alla Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, Vaðlaheiðarvegur frá Eyrarlandi upp í Steinsskarð, um Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og um Norður- og Suður-Múlasýslu, um Nes í Hornafirði og um Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

110
19. nóv.

II. Sýsluvegir: Um Borgarfjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu.

Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum mönnum í héraði, þegar talið er að vegurinn liggji mjög undir skemmdum vegna bleytu eða holklaka, að auglýsa bann við bifreiðaumferð um vegina og að setja nánari ákvæði um framkvæmd bannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

111
22. nóv.

REGLUGERÐ

um

skipulag og rekstur útvarps.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkissrekstrar á útvarpi eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Útvarpsstöðin á Vatnsendahæð ásamt öllu, sem henni fylgir, nefnist einu nafni: *Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík.*

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd, en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmat gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni í samráði við útvarpsstjóra. Útvarpsráðið skiptir með sér verkum, eftir því sem hentast þykir.

Útvarpsráðið heldur fundi svo oft, sem þurfa þykir. Skal það hafa fastan fundartíma að minnsta kosti einu sinni í viku og ákveða tiltekinn dag